

Peter Tompkins óbóleikari fæddist á Englandi og lauk einleikaraprófi frá Royal College of Music og tónlistarkennaraprófi frá Royal Academy of Music í Lundúnum. Peter fluttist til Íslands árið 1988 og hefur síðan tekið virkan þátt í tónlistarflutningi hér á landi, bæði sem einleikari og flytjandi hljómsveitar-, óperu-, leiklistar-, kammer- og kirkjutónlistar. Hann hefur einnig komið fram á tónleikum víða erlendis, meðal annars í Evrópu og Bandaríkjunum.

Peter hefur setið í stjórn Félags Íslenskra tónlistarmanna, verið formaður Bach-sveitarinnar í Skálholti og hann er einn af stofnfélögum Íslenska saxófónkvartettsins. Árið 2000 var hann útnefndur heiðurslaunþegi menningarsjóðs Garðabæjar. Hann leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennir á óbó og saxófón við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Einar Jóhannesson klarinettuleikari lærði hjá Gunnari Egilson í Tónlistarskólanum í Reykjavík og lauk þaðan einleikaraprófi árið 1969. Þá hélt hann til náms við Royal College of Music í Lundúnum hjá Bernard Walton og John McCaw og þar vann hann til Frederick Thurston verðlaunanna. Árið 1979 hlaut hann Sonning verðlaun ungra norrænna einleikara og hélt þá til frekara náms hjá Walter Boeykens í Frakklandi.

Einar hefur komið fram sem einleikari og hljóðritað fyrir fjölda útvarps- og sjónvarpsstöðva í Evrópu, Asíu, Bandaríkjunum og Ástralíu. Hann hefur gegnt stöðu sólóklarínnettuleikara við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1980, er stofnfélagi Blásarakvintetts Reykjavíkur og leikur með Kammerveit Reykjavíkur. Einar er einnig félagi í miðaldasönghópnum Voces Thules.

Rúnar H. Vilbergsson stundaði nám í fagottleik hjá Sigurði Markússyni við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan einleikaraprófi árið 1979. Þaðan lá leiðin til Amsterdam í framhaldsnám hjá Joep Terwey við Sweelinck Conservatorium.

Rúnar hefur leikið með ýmsum hópum hljóðfæraleikara og hljómsveitum, meðal annars Kammerveit Reykjavíkur, Hljómsveit Íslensku Óperunnar og Hinum Íslenska Þursaflokki. Hann hefur verið fastráðinn fagottleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1988 og er nú sólófagottleikari sveitarinnar.

Tónlist fyrir tréblásara

Trío MMX

*Peter Tompkins óbó
Einar Jóhannesson klarinetta
Rúnar H. Vilbergsson fagott*



*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert*

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 13. júlí 2010 kl. 20:30

Á ofanverðri átjándu öld nutu verk fyrir litla hljóðfærahópa, sem ætluð voru til flutnings í lystigörðum, mikilla vinsælda, einkum í Mið-Evrópu. Verk þessi gengu undir heitum á borð við *serenöður* (kvöldlokkur), *divertimento* og *cassation*. Hljóðfæraskipanin var fjölbreytt, en skemmtiverk þessi spruttu upp úr svítum barokktímans sem þá hafði runnið sitt skeið á enda. Svíturnar samanstóðu af röð dansa með upphafsforleik. Mozart var meistari þessara tækifærisverka og hann nefndi þau oftast *serenade* eða *divertimento*, og innihéldu þau fjóra þætti eða fleiri.

Tríóið sem hér er flutt er annað úr röð fimm tríóa sem hann samdi í Vínarborg um 1783. Hljóðfæraskipanin gæti hafa verið þrjú basset-horn (alt-klarínetta), hljóðfæri sem Mozart hafði mikið dálæti á, eða tvær klarínettur og basset-horn. Umritunin sem nú heyrir er eftir franska fagottleikarann og tónskáldið Fernand Oubradous.

Enska tónskáldið Benjamin Britten samdi einleiksverkið *Sex ummyndanir eftir Óvíð* op. 49 til flutnings á fjórðu Aldeburgh tónlistarhátíðinni í Englandi árið 1951. Verkið var tileinkað óbóleikaranum Joy Boughton og frumflutti hún það undir berum himni á strandbáti nokkru fyrir norðan Aldeburgh. Þættirnir sex draga upp myndir af goðsögulegum persónum sem fjallað er um í *Metamorphoses*, riti rómverska skáldsins Publius Ovidius Naso, og út kom í verðlaunaðri þýðingu Kristjáns Árnasonar nýlega. Þetta er öndvegisverk í tónbókmenntum einleiksóbósins.

Nokkur efi umlykur *Þrjú dúó fyrir klarínettu og fagott* og eignuð eru Beethoven. Svo er oft um verk sem ekki hafa fundist í frumhandriti tónskáldsins. Margir útgefendur og tónskáld hafa kastað fram ýmsum kenningum um tilurð þessara dúetta. Líkurnar eru mestar á að Beethoven hafi samið þá fyrir 1792 þegar hann var enn í Bonn. Til eru nokkur verk fyrir blásara eftir tónskáldið unga frá þessum árum og leikin voru undir borðum við hirð kjörfurstans þar í borg. Fyrsta útgáfa dúóanna var prentuð í París á árunum milli 1810 og 1815.

Jacques Ibert var í framlínu franskra tónskálda á öndverðri síðustu öld. Hann hafði verið sjóliðsforingi í heimstyrjöldinni fyrri en á millistríðsárunum náði hann að marka sér spor sem óperu- og hljómsveitartónskáld. Eitt hans þekktasta verk er *Escales* (Áfangar) fyrir símfóníuhljómsveit.

Lögin hans fimm sem hér heyrast eru frá árinu 1935, en þá samdi hann jafnframt lítinn konsert fyrir saxófón auk tónlistar fyrir leikhús, ballet og kvikmyndir. Fimm árum áður hafði hann skrifað *Trois pièces brèves* fyrir blásarakvintett sem eru í hávegum höfð meðal blásara.

Cinq pièces en trio fyrir óbó, klarínettu og fagott er hið eina sem hann skrifaði fyrir slíka samsetningu og var samið fyrir fagottleikarann Fernand Oubradous, sem áður var getið, og félaga hans í Blásaratríói Parísar, þá Myrtil Morel óbóleikara og klarínettuleikarann Pierre Lefèbvre.

Efnisskrá

W. A. Mozart
1756 – 1791

Divertimento nr. 2 í B dúr

KV Anh. 229/439b

Allegro
Menuetto – Trio
Larghetto
Menuetto – Trio
Rondo. Allegro

Benjamin Britten
1913 – 1976

Sex ummyndanir eftir Óvíð

ópus 49

Pan
Phaeton
Niobe
Bacchus
Narcissus
Arethusa

Ludwig van Beethoven
1770 – 1827

Duo nr. 1 í C dúr

WoO 27

Allegro comodo
Larghetto sostenuto
Rondo. Allegretto

Jacques Ibert
1890 – 1962

Cinq pièces en trio

Allegro vivo
Andantino
Allegro assai
Andante
Allegro quasi marziale

In the second half of the eighteenth century a vast number of compositions called *Serenade*, *Cassation* or *Divertimento* were written, often intended for recreational and open-air use. They were a development of the baroque suite which was a series of dance movements preceded by an overture and written for a great variety of instrumental combinations.

Mozart often used the terms *Serenade* and *Divertimento* for his chamber works with more than four movements. He wrote 5 *Divertimentos* KV Anh. 229/439b in Vienna in 1783 or later. They are all in Bb major but there is some question about the instrumentation. There are other *Divertimentos* written around the same time for 3 basset-horns or 2 clarinets and basset-horn and the same instruments have often been used for these pieces. This transcription for oboe, clarinet and bassoon trio was made by the bassoonist Fernand Oubradous.

The *Six Metamorphoses after Ovid*, for Oboe solo op. 49, was composed for the fourth Aldeburgh Festival in 1951 and premiered by the dedicatee Joy Boughton in the open air from a punt on Thorpeness Meare a few miles north of Aldeburgh on the Suffolk Coast. The six movements depict figures from classical mythology, all six figures appear in the narrative poem *Metamorphoses* written by the Roman poet Publius Ovidius Naso (43 BC–17 AD) which he completed in 8 AD. The work is one of few specially written for solo oboe and has now come to assume a central position in the recital repertoire of oboists.

Beethoven's *Three Duos for clarinet and bassoon* WoO 27 are listed as works of doubtful authenticity as no autograph or transcription has yet been found. They were originally published in Paris sometime between 1810 and 1815. Various theories have been put forward regarding their date and place of composition. It has been suggested that they were composed during Beethoven's years in Bonn before 1792, as prominent players of these instruments were part of the ensemble used for dinner music at the electoral court. There is no record of any comment by Beethoven on the pieces.

Jacques Ibert was a central and highly influential figure in French music life during the first half of the 20th century. He was a French naval officer during World War I and between the wars he made his name as a composer of operas and orchestral works, especially 'Escales'. The *Cinq pièces en trio* date from 1935, the year he also composed a concertino for saxophone and the music for several films, theatre and ballet. Previously he had written chamber music for wind instruments including *Trois pièces brèves* for wind quintet in 1930 but the *Cinq pièces en trio* is his only composition for oboe, clarinet and bassoon. It was written for the bassoonist Fernand Oubradous and his colleagues in the Paris Wind Trio, the oboist Myrtille Morel and the clarinetist Pierre Lefèbvre.

Peter Tompkins was born in England and studied the oboe at the Royal Academy of Music in London where he received his graduate and teaching diplomas. He obtained a soloist diploma from the Royal College of Music in London. Since moving to Iceland in 1988 he has taken part in a wide variety of concerts both in Iceland and abroad in Europe and the USA, as a soloist and an instrumentalist, in orchestras, operas, theatres, chamber- and church music.

Peter is a founder member of the Iceland Saxophone Quartet, he is a past manager of the Skálholt Bach Consort and has been on the directing board of the Icelandic Soloists' Society (FÍT). Peter was awarded an honorary cultural grant for the year 2000 from the town of Garðabær. He is a member of the Iceland Symphony Orchestra and teaches the oboe and saxophone at Hafnarfjörður Music School.

Einar Jóhannesson studied the clarinet at the Reykjavík College of Music and continued with Bernard Walton and John McCaw at the Royal College of Music in London, where he won the coveted Frederick Thurston Prize. In 1979 he was awarded the prize for young Nordic soloists by the Sonning Foundation in Copenhagen.

Einar has appeared as soloist and chamber music player throughout Europe, Asia, America and Australia, often presenting pieces specially written for him by Icelandic composers. He is the principal clarinet player of the Iceland Symphony Orchestra, a founder member of the Reykjavík Wind Quintet and a member of the Reykjavík Chamber Orchestra. He also sings in the male vocal ensemble *Voces Thules*, specializing in medieval Icelandic church music. He has recorded for the Merlin, Chandos and BIS labels.

Rúnar H. Vilbergsson studied the bassoon with Sigurður Markússon at the Reykjavík College of Music where he obtained his soloist diploma in 1979. He continued with post-graduate studies at the Sweelinck Conservatory in Amsterdam where his teacher was Joep Terwey.

Rúnar has performed with a large variety of orchestras and instrumental ensembles including the Reykjavík Chamber Orchestra, Icelandic Opera Orchestra and the rock group *Pursaflokkurinn*. He is the principal bassoon player of the Iceland Symphony Orchestra.